

## Orlofshús lðnsveinafélags Skagafjarðar

Reykjarhólsvegi 6, Varmahlíð

Húsið er leigt með húsgögnum, átta sængur og koddar. Eldhús og borðbúnaður fyrir tólf manns. Auk annara lausamuna sem ekki eru taldir upp hér.

Leigjandi þarf að hafa með sér sængurfatnað, diskaburrkur, borðklúta og handklæði.

Leigjandi ber ábyrgð á húsinu og búnaði þess meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta það tjón sem kann að verða af hans völdum eða þeirra sem dvelja í húsinu á leigutímanum.

Leigjandi skal ganga vel um húsið og umhverfi þess, við brottför skal ræsta húsið og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.

Húsið á að rýma eigi síðar en kl. 13:00 á skiptidegi.

Lesið vel leiðbeiningar þær sem festar eru uppi í húsinu og skylt er að fara eftir þeim.

Ekki er heimilt að hafa hunda og ketti í orlofshúsinu.

Leigjanda er óheimilt að framselja leigusamning nema með samþykki umsjónarmanns.

Sérstök athygli er vakin á því að umgengni um heita pottinn sé í samræmi við reglur þar að lútandi.